

FW: Drekkinn innra með þér

Til : Sædís M. Jónatansdóttir
Frá : Margrét Geirsdóttir
Heiti : FW: Drekkinn innra með þér
Málsnúmer : 2018120067
Málsaðili : Ísafjarðarbær - Velferðarsvið
Skráð dags : 04.12.2018 08:09:44
Höfundur : Margrét Geirsdóttir

Viðhengi [image004.jpg](#)
[image003.jpg](#)
[image002.jpg](#)
[image001.jpg](#)

Heil og sæl,
Þetta þyrfti að fara fyrir velferðarnefnd.

Með kveðju,

Margrét Geirsdóttir
Sviðsstjóri velferðarsviðs

Ísafjarðarbær

Stjórnsýsluhúsinu

Pósthólf 56

400 Ísafjörður

Sími: 450-8000

Myndsími: 450-8008

Netfang: <mailto:margret@isafjordur.is>

Vefur: www.isafjordur.is

Ísafjarðarbær er Flateyri, Hnífsdalur, Ísafjörður, Suðureyri & Þingeyri – auk þess blómleg býli, strandsvæði og ósnortin víðerni.



From: Styrkur - Deaf [<mailto:styrkur@deaf.is>]
Sent: þriðjudagur, 27. nóvember 2018 12:48
To: Margrét Geirsdóttir
Subject: Drekkinn innra með þér

Kæra **Margrét** Okkur þyki mjög mikilvægt að heyrnarlaus/skerta börn fáið líka tækifæri vera með eins og önnur heyrandi börn eru þið til að leggja okkur liðst með þessum hætti ?

Félag heyrnarlausra hefur túlkað bókina „Drekinn innra með þér“ yfir á íslenskt táknmál. Bókin sem er barnabók kennir börnum að skilja betur tilfinningar en söguþráðurinn er sá að drekinn skiptir hörundslit, allt eftir þeim tilfinningum sem hann glímir við hverju sinni. Sem dæmi þegar hann er grænn þá er hann glaður og við reiði þá verður hann rauður. Bókin er skrifuð af Lailu Margræti Arnþórsdóttur sem hefur verið túlkuð af Sinfóníuhljómsveit Íslands þar sem tónverk var samið og flutti tilfinningar Drekans yfir á tónverk. Öllum börnum í 1. bekk grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu var boðið á tónverkið við mikla hrifningu barna. Varð fyrrnefnd barnabók til í framhaldinu sem kemur út um jólin og hefur Laila Margrét hefur gefið Félagi heyrnarlausra verkið til þýðingar yfir á íslenskt táknmál svo heyrnarlaus börn fái notið efnisins til jafns á við önnur börn.

Verkið mun verða sett upp í rafbók, táknmálstúlkuð á íslenskt táknmál og gefið öllum heyrnarlausum og heyrnarskertum börnum á Íslandi.

Um tónverk Sinfóníuhljómsveitar Íslands sem var samið um Drekann segir:

„Drekinn innra með mér er óður um vináttu lítillar stúlku og dreka. Drekinn býr innra með stúlkunni, kennir henni að þekkja tilfinningar sínar og hvernig hún getur brugðist við þeim. Í þessu nýja og einstaka verki er hljómsveitin í hlutverki drekans en Þórunn Arna Kristjánsdóttir er sögumaður og fer með hlutverk stúlkunnar. Drekinn fær sérstakt stef sem birtist í ýmsum myndum og hríslast um hljómsveitina allt eftir því í hvers konar skapi hann er. Í upphafi er drekinn ósköp glaður en þegar líður á verkið brjótast fram ólíkar tilfinningar og hann ýmist dansar af gleði eða fuðrar upp í reiði. Inn við beinið er drekinn þó besta skinn“.

Leitar Félag heyrnarlausra sem hagsmunaaðili heyrnarlausra að samstarfsaðilum til að kosta útgáfu rafbókarinnar en áætla má að kostnaður sé eftirfarandi:

Félag heyrnarlausra mun baktryggja útgáfu efnisins svo það komið í dreifingu til barnanna fyrir jólin í ár.

Klippivinna og búnaður	180.000
Textun:	80.000
Túlkun á íslenskt táknmál:	170.000
Annar kostnaður:	80.000
Alls:	510.000

<https://www.sinfonia.is/fraedslustarf/skolatonleikar/grunnskolatonleikar/nanar/38>





Með von um jákvæðar undirtektir.

Með fyrirfram þökk.

Virðingarfyllst / With regards

Doddi



Félag heyrnarlausra • Þverholti 14 • 105 Reykjavík • Iceland
Íslenskt táknmál þú hefur það í hendi þér
Sími: 561-3560 - GSM: 660 4566